



HEILSUEFLANDI
leikskóli

Leikskólinn Strandheimar

Heilsueflandi starf tímabilið 2022 - 2023

Meginmarkmið heilsueflandi starfs Embættis landlæknis er að styðja sveitarfélög, skóla og vinnustaði í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra.

Heilsueflandi.is er rafrænt skráningarsvæði sem Embætti landlæknis leggur til fyrir starf Heilsueflandi samfélaga, skóla og vinnustaða. Tilgangur heilsueflandi.is er að auðvelda skráningu, mat á framvindu og miðlun upplýsinga um starfið. Þessi skýrsla er unnin sjálfkrafa úr þeim upplýsingum sem samfélagið/skólinn/vinnustaðurinn hefur skráð inn á sitt vinnusvæði á heilsueflandi.is.

Efni skýrslu:

- Grunnupplýsingar, stýrihópur og aðrir sem koma að starfinu.
- Fjöldi fundagerða.
- Stefna, framtíðarsýn.
- Áherslur þetta ár.
- Gátlistar, staða gátlista og allar upplýsingar og breytingar sem hafa verið gerðar á gátlistum og aðgerðaboxum þetta ár.
- Mælikvarðar, ef skráning liggur fyrir.

Athugið að innihald skýrslunnar er unnið úr þeim upplýsingum sem skráðar eru á vinnusvæði samfélagsins/skólans/vinnustaðarins þann 30. júní ár hvert.

Ef einhverjar athugasemdir eru við skýrsluna eða annað sem snýr að starfi Heilsueflandi samfélags, skóla eða vinnustaða, vinsamlegast komið þeim á framfæri við Embætti landlæknis, sjá netföng hér að neðan.

Heilsueflandi leikskóli: leikskolar@landlaeknir.is

Heilsueflandi grunnskóli: hgs@landlaeknir.is

Heilsueflandi framhaldsskóli: hef@landlaeknir.is

Heilsueflandi vinnustaður: hvinn@landlaeknir.is

Heilsueflandi samfélag: samfelag@landlaeknir.is

Aðrir sem koma að starfinu

Leikskólastjóri Birna Guðrún Jónsdóttir

Fjöldi fundargerða á árinu

1

Stefna

Í leikskólanum Strandheimum leggjum við áherslu á að stórum sem smáum líði vel, að virðing sé borin fyrir náunganum og að sköpunarkraftur einstaklingsins fái notið sín.

Það er ósk okkar að börnin:

- kynnist leikgleði
- öðlist færni í samskiptum
- læri að meta hreyfingu, útiveru og þá ánægju sem hvoru tveggja veitir
- fái frelsi til sköpunar í leik og starfi
- upplifi viðurkenningu og væntumþykju

Hlutverk kennarans er að vera góð fyrirmynd, grípa tækifærið og vera minnugur þess að leikurinn er námsleið leikskóla.

Áherslur þetta ár

Skólaárið '22-'23 lagði leikskólinn áherslu á grunnþáttinn *geðrækt*, auk þess sem aðgerðaráætlun út frá gátlistum um *starfsfólk* var áfram fylgt eftir.

Gátlisti um geðrækt var útfylltir af starfsfólki í upphafi skólaárs og aðgerðaráætlun útbúin í kjölfarið. Gátlistinn var svo yfirfarinn á ný undir lok tímabilsins og var gaman að sjá hversu mörg atriði voru komin til framkvæmda.

Það sem leikskólinn hefur gert á árinu er tengist geðrækt er m.a. eftirfarandi:

- Hafið innleiðingu á nýju farsældarlögum
- Komið á fót lausnarleitarfundum. Hann sitja stjórnendur, sérkennslustjóri, deildarstjórar og verkefnastjóri Heilsueflandi. Markmiðið er að finna lausn á málum er tengjast nemendum s.s. krefjandi hegðun, vanlíðan o.þ.h. Finnist ekki lausn á málinu innan hús fer málið áfram til lausnateymis Skólaþjónustu Árborgar þar sem aðrir fagaðilar á borð við sálfræðinga, talmeinafræðinga, hjúkrunafræðinga koma að málinu.
- Stuðlað að aukinni fræðslu til starfsfólks út frá gátlistunum *starfsfólk* og *geðrækt*. Má þar nefna:
 - Fræðslu frá Barnavernd Árborgar
 - Skyndihjálparnámskeið
 - Heilbrigður lífstíll og jákvæð sálfræði
 - Örnámskeið um kynferðisofbeldi
 - Kulnun, breytingarskeiðið, einkenni og ráðleggingar
 - Líkamsbeiting í starfi
 - Stjórnendateymi leikskólans hefur tekið þátt í námskeiðinu *Nám um forystu og styðjandi* menningu á vegum Menntafléttunnar auk þess að hafa tekið þátt í málþingi á vegum *Vináttu* um einelti, hatursorðræðu og ofbeldi.
 - Í samvinnu við aðra leikskóla í Árborg hefur starfsfólk setið fyrirlestra um:

- hinseginnleikann í leikskólum
- svefnvenjur barna
- kennsluaðferðir leiklistar
- farsæld barna
- frábært stress

Í maí fór starfsfólk leikskólans í endurmenntunarferð til Alicante á vegum Endurmenntunarferða og Leikur að læra. Þar tókum við þátt í námskeiði þar sem ýmsar aðferðir í núvitund voru kynntar og sem henta bæði til einkanota og í kenningu með börnum. Þar heimsóttum við einnig tvo leikskóla sem veitti starfsfólki nýja sýn á leikskólastarf erlendis. Ferðin var kærkomin og kom starfsfólk endurnært til baka.


Verkefnastjóri Heilsueflandi og Skóla á grænni grein hefur séð um útinám og gönguferðir og heimsækir hún hverja deild 1x í viku.

Þróunarverkefni Strandheima, Vinátta í nærumhverfinu, fór af stað um haustið og var markmið verkefnisins að stuðla að tækifærum til að efla tengsl elstu nemenda leikskólans þvert á starfstöðvar og veita þeim möguleika á að auka þekkingu sína á nærumhverfi og sögu þorpanna, Eyrarbakka og Stokkseyrar. Nemendur hittust 1x í mánuði, á Eyrarbakka og Stokkseyri til skiptis, þar sem þau vörðu heilum degi saman í leik og starfi.

Hægt er að fræðast nánar um þróunarverkefnið, útinámið o.fl. á heimasíðu leikskólans: strandheimar.arborg.is

Á næsta skólaári mun leikskólinn taka þátt í sameiginlegu þróunarverkefni allra leikskólanna í Árborg þar sem verður unnið markvisst að innleiðingu Farsældarlaganna.

Heildarstaða Gátlista



Í gátlistum koma fram viðmið sem unnið er með til að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra. Gátlistar geta innihaldið mismunandi mörg viðmið.

Í gátlistum er staðan metin fyrir hvert viðmið. Merkt er við kvarða sem getur tekið gildi á bilinu 1-5. Fyrir hvert gildi fæst tiltekin prósentutala:


- 1 = Ekki komið til framkvæmda (0%)
- 2 = Að litlu leyti komið til framkvæmda (25%)
- 3 = Að hluta komið til framkvæmda (50%)
- 4 = Að miklu leyti komið til framkvæmda (75%)

5 = Að fullu komið til framkvæmda (100%)


Heildarstaða hvers gátlista, sem kemur fram í línuritum hér á eftir, er prósentutala sem er meðaltal. Það er reiknað með því að leggja saman prósentutölurnar fyrir hvert og eitt viðmið í listanum og deila með heildarfjölda viðmiða í listanum. Þegar öll viðmið í gátlista eru að fullu komin til framkvæmda er heildarstaða gátlistans 100%.

Gátlistar


Hreyfing




Mataræði




Geðrækt




Öryggi




Fjölskylda



Nærsamfélag



Starfsfólk




Mælikvarðar

Foreldrar sem eru mjög ánægðir með leikskóla barnsins síns (foreldrakannanir)



Starfsánægja (á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi + mér líður vel í vinnunni) (starfsmannakannanir)



Hlutfall barna (á viðeigandi aldri) sem uppfyllir aldurssamsvarandi hljóðkerfis- og málvitund samkvæmt HLJÓM 2/TRAS eða öðru viðurkenndu mælitæki

